

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði út af Austurlandi, suðursvæði.

#### 1. gr.

Frá 5. desember 2019 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði út af Austurlandi, suðursvæði, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°20,00 N – 13°00,00 V
2. 64°20,00 N – 15°00,00 V
3. 64°40,00 N – 15°00,00 V
4. 64°40,00 N – 13°00,00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2020. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 1074/2019 um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði út af Austurlandi, suðursvæði.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. desember 2019.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Erna Jónsdóttir.*